



## BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði áranna 2012 og 2013

**2013**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu níu mánuði áráanna 2012 og 2013. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu níu mánuði áráanna 2012 og 2013.

### **Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 7,4% fyrstu níu mánuði ársins 2013 samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2012. Fjöldi tilkynninga var 6.263 fyrstu níu mánuði ársins 2013, en 5.832 fyrir sama tímabil árið á undan.

Fleiri tilkynningar bárust um drengi, en stúlkur, en hlutfall tilkynninga vegna drengja var 54,7% fyrst níu mánuði ársins 2013. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um rúmlega 3% en fjölgunin var rúmlega 17% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna vanrækslu eða 36,8% tilkynninga fyrstu níu mánuði ársins 2013. Fyrir sama tímabil árið á undan voru flestar tilkynningar vegna áhættu hegðunar barns eða 41,1%. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi fyrstu níu mánuði ársins 2013 var 26,2%, en 22,9% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu hækkaði úr 0,6% fyrstu níu mánuði ársins 2012 í 0,7% fyrstu níu mánuði ársins 2013.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 9,5% fyrstu níu mánuði ársins 2013, en 8,1% fyrir sama tímabil árið á undan. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 5,4% fyrstu níu mánuði ársins 2013, en 5,5% fyrir sama tímabil árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu níu mánuði ársins 2013 var 5.128 börn, en sambærileg tala fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2012 var 4.903 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## **Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um Stuðla fækkaði fyrstu níu mánuði ársins 2013 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 27 fyrstu níu mánuði ársins 2013 en 32 fyrir sama tímabil árið á undan.

Umsóknum um meðferðarheimili fjölgaði úr 17 umsóknum í 19 fyrstu níu mánuði ársins 2013 miðað við sama tímabil árið á undan. Alls bárust 57 umsókn um MST fyrstu níu mánuði ársins 2013, sem er fjölgun frá árinu á undan, en þá bárust 45 umsókn fyrir sama tímabil. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks.

Flestar umsóknir um Stuðla og meðferðarheimili fyrstu níu mánuði ársins 2013 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 54,3% umsókna, en 45,7% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fyrir sama tímabil árið á undan var hlutfall umsókna frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur 85,7 og hlutfall umsókna frá landsbyggðinni 14,3. Hlutfall umsókna um MST frá Reykjavík var rúmlega 42% bæði árin og tæplega 58% frá nágrenni Reykjavíkur, en þjónustusvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Fleiri umsóknir um Stuðla, meðferðarheimili og MST bárust fyrir drengi en stúlkur fyrstu níu mánuðina bæði árin.

Umsóknum um ábendingu um hæfa fósturforeldra fjölgaði úr 82 í 98 á umræddu tímabili. Flestar umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2013 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 62,2% umsókna, en 37,8% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi fyrstu níu mánuði ársins 2013. Hlutfall drengja var 55,1% fyrstu níu mánuði ársins 2013 en 50,0% fyrstu níu mánuði ársins 2012.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 198 fyrstu níu mánuði ársins 2013 en 157 fyrir sama tímabil árið á undan. Skýrslutökum fjölgaði úr 36 í 78 á umræddu tímabili, en könnunarviðtölum fækkaði úr 121 í 120. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 72,7% fyrstu níu mánuði ársins 2013 og 73,2% fyrstu níu mánuði ársins 2012.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 157 fyrstu níu mánuði ársins 2013, en 156 fyrir sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fjölgaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2013, voru 1.148 dagar, en 920 dagar fyrir sama tímabil árið á undan. Fjöldi einstaklinga fyrstu níu mánuði ársins 2013 var 67, en 71 fyrir sama tímabil árið á undan.

Umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fjölgaði úr 46 umsóknum fyrstu níu mánuði ársins 2012 í 53 umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2013. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

## Tilkynningar til barnaverndarnefnda

### Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	2.646	45,4	2.763	44,1
Seltjarnarnes	32	0,5	37	0,6
Kópavogur	500	8,6	524	8,4
Garðabær	95	1,6	149	2,4
Hafnarfjörður	644	11,0	615	9,8
Álftanes*	70	1,2	-	0,0
Reykjanesbær	330	5,7	493	7,9
Grindavík	72	1,2	66	1,1
Sandgerði	118	2,0	179	2,9
Mosfellsbær	115	2,0	148	2,4
Akranes	79	1,4	120	1,9
Borgarfjarðar og Dala	45	0,8	31	0,5
Snæfellinga	14	0,2	14	0,2
Norðanverðir Vestfirðir	119	2,0	101	1,6
Vesturbyggð og Tálknafjörður	9	0,2	4	0,1
Húnaþing vestra	32	0,5	27	0,4
A-Hún	38	0,7	39	0,6
Skagafjörður	21	0,4	12	0,2
Útey	58	1,0	58	0,9
Eyjafjörður	253	4,3	292	4,7
Þingeyingar	31	0,5	52	0,8
Fljótshálsa	50	0,9	45	0,7
Fjarðabyggð	43	0,7	63	1,0
Hornafjörður	33	0,6	25	0,4
Árborg	127	2,2	146	2,3
Árnesþing	88	1,5	91	1,5
Rang. valla- og V-Skaftafellss.	32	0,5	32	0,5
Vestmannaeyjar	138	2,4	137	2,2
<b>Samtals</b>	<b>5.832</b>	<b>100,0</b>	<b>6.263</b>	<b>100,0</b>

\*Við áramótin 2012-2013 sameinaðist barnaverndarnefnd Álftaness og barnaverndarnefnd Garðabæjar

### Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	3.220	55,2	3.423	54,7
Stúlkur	2.579	44,2	2.801	44,7
Ekki vitað*	33	0,6	39	0,6
<b>Samtals</b>	<b>5.832</b>	<b>100,0</b>	<b>6.263</b>	<b>100,0</b>

\*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	4.102	70,3	4.236	67,6
Landsbyggð	1.730	29,7	2.027	32,4
<b>Samtals</b>	<b>5.832</b>	<b>100,0</b>	<b>6.263</b>	<b>100,0</b>

\*Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Fjöldi barna sem tilkynnt var um\*

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.109	43,0	2.075	40,5
Seltjarnarnes	31	0,6	32	0,6
Kópavogur	432	8,8	448	8,7
Garðabær	92	1,9	139	2,7
Hafnarfjörður	568	11,6	531	10,4
Álftanes*	54	1,1	-	0,0
Reykjanesbær	298	6,1	412	8,0
Grindavík	40	0,8	52	1,0
Sandgerði	95	1,9	142	2,8
Mosfellsbær	101	2,1	128	2,5
Akranes	71	1,4	102	2,0
Borgarfjarðar og Dala	37	0,8	25	0,5
Snæfellinga	14	0,3	14	0,3
Norðanverðir Vestfirðir	100	2,0	95	1,9
Vesturbyggð og Tálknafjörður	9	0,2	4	0,1
Húnaþing vestra	31	0,6	26	0,5
A-Hún	19	0,4	33	0,6
Skagafjörður	20	0,4	12	0,2
Útey	58	1,2	58	1,1
Eyjafjörður	236	4,8	265	5,2
Þingeyingar	31	0,6	51	1,0
Fljótsdalshérað	45	0,9	41	0,8
Fjarðabyggð	41	0,8	62	1,2
Hornafjörður	29	0,6	20	0,4
Árborg	114	2,3	140	2,7
Árnesþing	79	1,6	85	1,7
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	31	0,6	28	0,5
Vestmannaeyjar	118	2,4	108	2,1
<b>Samtals</b>	<b>4.903</b>	<b>100,0</b>	<b>5.128</b>	<b>100,0</b>

\*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

\*Við áramótin 2012-2013 sameinaðist barnaverndarnefnd Álftaness barnaverndarnefnd Garðabæjar

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.710	55,3	2.775	54,1
Stúlkur	2.165	44,2	2.324	45,3
Ekki vitað*	28	0,6	29	0,6
<b>Samtals</b>	<b>4.903</b>	<b>100,0</b>	<b>5.128</b>	<b>100,0</b>

\*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	3.387	69,1	3.353	65,4
Landsbyggð	1.516	30,9	1.775	34,6
<b>Samtals</b>	<b>4.903</b>	<b>100,0</b>	<b>5.128</b>	<b>100,0</b>

\*Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	Fjöldi	Hlutfall*	Fjöldi	Hlutfall*
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	3.308	67,5	3.474	67,7
Drengir	1.695	51,2	1.773	51,0
Stúlkur	1.590	48,1	1.673	48,2
Ekki vitað*	23	0,7	28	0,8
Þar af nýjar kannanir	1.544	31,5	1.722	33,6
Drengir	769	49,8	827	48,0
Stúlkur	758	49,1	875	50,8
Ekki vitað*	17	1,1	20	1,2

\*Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

\*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Ástæður tilkynninga\*

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>2.063</b>	<b>35,4</b>	<b>2.307</b>	<b>36,8</b>
<i>Drengir</i>	1.001	17,2	1.137	18,2
<i>Stúlkur</i>	1.062	18,2	1.170	18,7
Líkamleg vanræksla	133	2,3	183	2,9
<i>Drengir</i>	55	0,9	84	1,3
<i>Stúlkur</i>	78	1,3	99	1,6
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.769	30,3	1.929	30,8
<i>Drengir</i>	877	15,0	975	15,6
<i>Stúlkur</i>	892	15,3	954	15,2
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	471	8,1	592	9,5
<i>Drengir</i>	245	4,2	276	4,4
<i>Stúlkur</i>	226	3,9	316	5,0
Vanræksla varðandi nám	85	1,5	99	1,6
<i>Drengir</i>	44	0,8	45	0,7
<i>Stúlkur</i>	41	0,7	54	0,9
Tilfinningaleg vanræksla	177	3,0	200	3,2
<i>Drengir</i>	72	1,2	91	1,5
<i>Stúlkur</i>	105	1,8	109	1,7
<b>Ofbeldi</b>	<b>1.337</b>	<b>22,9</b>	<b>1.643</b>	<b>26,2</b>
<i>Drengir</i>	588	10,1	758	12,1
<i>Stúlkur</i>	749	12,8	885	14,1
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	680	11,7	831	13,3
<i>Drengir</i>	309	5,3	401	6,4
<i>Stúlkur</i>	371	6,4	430	6,9
þar af heimilisofbeldi	320	5,5	338	5,4
<i>Drengir</i>	147	2,5	165	2,6
<i>Stúlkur</i>	173	3,0	173	2,8
Líkamlegt ofbeldi	326	5,6	385	6,1
<i>Drengir</i>	178	3,1	219	3,5
<i>Stúlkur</i>	148	2,5	166	2,7
Kynferðislegt ofbeldi	322	5,5	456	7,3
<i>Drengir</i>	88	1,5	147	2,3
<i>Stúlkur</i>	234	4,0	309	4,9



<b>Áhættuhegðun</b>	<b>2.395</b>	<b>41,1</b>	<b>2.269</b>	<b>36,2</b>
<i>Drengir</i>	1.626	27,9	1.529	24,4
<i>Stúlkur</i>	769	13,2	740	11,8
Neysla barns á vímuefnum	413	7,1	429	6,8
<i>Drengir</i>	273	4,7	274	4,4
<i>Stúlkur</i>	140	2,4	155	2,5
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	784	13,4	803	12,8
<i>Drengir</i>	453	7,8	459	7,3
<i>Stúlkur</i>	331	5,7	344	5,5
Afbrot barns	880	15,1	754	12,0
<i>Drengir</i>	664	11,4	583	9,3
<i>Stúlkur</i>	216	3,7	171	2,7
Barn beitir ofbeldi	227	3,9	247	3,9
<i>Drengir</i>	179	3,1	201	3,2
<i>Stúlkur</i>	48	0,8	46	0,7
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	131	2,2	111	1,8
<i>Drengir</i>	83	1,4	62	1,0
<i>Stúlkur</i>	48	0,8	49	0,8
<b>Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu</b>	<b>37</b>	<b>0,6</b>	<b>44</b>	<b>0,7</b>
<b>Tilkynningar alls</b>	<b>5.832</b>	<b>100,0</b>	<b>6.263</b>	<b>100,0</b>
<b>Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu*</b>	<b>141</b>	<b>100,0</b>	<b>167</b>	<b>100,0</b>
<i>Drengir</i>	56	39,7	86	51,5
<i>Stúlkur</i>	84	59,6	80	47,9
<i>Ekki vitað*</i>	1	0,7	1	0,6

\*Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

\*Að mati tilkynnanda

\*Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	36	0,6	39	0,6
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	296	5,1	351	5,6
Nágrannar	471	8,1	546	8,7
Önnur barnaverndarnefnd	146	2,5	183	2,9
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	145	2,5	148	2,4
Lögregla	2.736	46,9	2.693	43,0
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	563	9,7	654	10,4
Leikskóli/gæsluforeldri	91	1,6	126	2,0
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	460	7,9	549	8,8
Foreldrar barns	538	9,2	555	8,9
Aðrir	350	6,0	419	6,7
<b>Samtals</b>	<b>5.832</b>	<b>1000,0</b>	<b>6.263</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um meðferð

### Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	32	34,0	27	26,2
Langtímameðferð	17	18,1	19	18,4
MST	45	47,9	57	55,3
<b>Samtals</b>	<b>94</b>	<b>100,0</b>	<b>103</b>	<b>100,0</b>

### Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	15	46,9	9	33,3
Nágrenni Reykjavíkur*	11	34,4	4	14,8
Landsbyggð	6	18,8	14	51,9
<b>Samtals</b>	<b>32</b>	<b>100,0</b>	<b>27</b>	<b>100,0</b>

\*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Umsóknir um meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	11	64,7	5	26,3
Nágrenni Reykjavíkur*	5	29,4	7	36,8
Landsbyggð	1	5,9	7	36,8
<b>Samtals</b>	<b>17</b>	<b>100,0</b>	<b>19</b>	<b>100,0</b>

\*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	19	42,2	24	42,1
Nágrenni Reykjavíkur*	26	57,8	33	57,9
<b>Samtals</b>	<b>45</b>	<b>100,0</b>	<b>57</b>	<b>100,0</b>

\*Þjónustuvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

### Kyn barna sem sótt er um meðferð á Stuðlum fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	17	53,1	17	63,0
Stúlkur	15	46,9	10	37,0
<b>Samtals</b>	<b>32</b>	<b>100,0</b>	<b>27</b>	<b>100,0</b>

### Kyn barna sem sótt er um meðferð á meðferðarheimili fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	70,6	12	63,2
Stúlkur	5	29,4	7	36,8
<b>Samtals</b>	<b>17</b>	<b>100,0</b>	<b>19</b>	<b>100,0</b>

### Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	24	53,3	34	59,6
Stúlkur	21	46,7	23	40,4
<b>Samtals</b>	<b>45</b>	<b>100,0</b>	<b>57</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um ábendingu um hæfa fósturforeldra

### Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	60	73,2	68	69,4
Varanlegt	8	9,8	12	12,2
Styrkt	14	17,1	18	18,4
<b>Samtals</b>	<b>82</b>	<b>100,0</b>	<b>98</b>	<b>100,0</b>

### Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	34	41,5	35	35,7
Nágrenni Reykjavíkur*	23	28,0	26	26,5
Landsbyggð	25	30,5	37	37,8
<b>Samtals</b>	<b>82</b>	<b>100,0</b>	<b>98</b>	<b>100,0</b>

\*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	41	50,0	54	55,1
Stúlkur	41	50,0	44	44,9
<b>Samtals</b>	<b>82</b>	<b>100,0</b>	<b>98</b>	<b>100,0</b>

## Þjónusta í Barnahúsi

### Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 9 mán. 2012 Fjöldi	Fyrstu 9 mán. 2013 Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	157	198
a. Skýrslutökur	36	78
b. Könnunarviðtöl	121	120
Greiningar- og meðferðarviðtöl	73	63
Læknisskoðanir	6	17

### Kyn barna í Barnahúsi\*

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	42	26,8	54	27,3
Stúlkur	115	73,2	144	72,7
<b>Samtals</b>	<b>157</b>	<b>100,0</b>	<b>198</b>	<b>100,0</b>

\*kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

## Neyðarvistun á Stuðlum

### Neyðarvistun á Stuðlum

	Fyrstu 9 mán. 2012 Fjöldi	Fyrstu 9 mán. 2013 Fjöldi
Fjöldi vistana	156	157
Vistunardagar	920	1.148
Fjöldi einstaklinga	71	67

### Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	46	64,8	44	65,7
Stúlkur	25	35,2	23	34,3
<b>Samtals</b>	<b>71</b>	<b>100,0</b>	<b>67</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 9 mán. 2012		Fyrstu 9 mán. 2013	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni	27	58,7	33	62,3
Vesturland	2	4,3	1	1,9
Vestfirðir	0	0,0	3	5,7
Norðurland	8	17,4	4	7,5
Austurland	0	0,0	2	3,8
Suðurland	3	6,5	4	7,5
Reykjanes	5	10,9	6	11,3
Fólk búsett erlendis	1	2,2	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>46</b>	<b>100,0</b>	<b>53</b>	<b>100,0</b>

\*Reykjavík og nágrenni Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.